

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

**139. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 3. apríl kl. 15:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.
Mætt undirrituð.**

Dagskrá:

1. Skóladagatal Grunnskóla Húnaþings vestra. Skólastjóri kynnir.
2. Niðurstöður foreldrakönnunar. Skólastjóri kynnir.
3. Skóladagatal leik- og grunnskóla Borðeyri, ásamt Ásgarði. Leikskólastjóri kynnir.
4. Verklagsreglur leikskólans Ásgarðs vegna barnaverndarmála. Leikskólastjóri kynnir.
5. Kynning á þróunarverkefninu Leikur er barna yndi. Leikskólastjóri og deildarstjórar kynna.
6. Tekið á dagskrá bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytis svar móttakið varðandi eftirlit með fjölda skóladaga á Borðeyri 2011-2012.
7. Tekið á dagskrá nýtt erindisbréf fyrir fræðsluráð Húnaþings vestra.
8. Tekið á dagskrá kynning á foreldrafundi um framtíðarsýn í skólamáli í Húnaþingi vestra ásamt fundi stýrihóps þann 25. mars um framtíðarsýnina.

Afgreiðslur.

1. Skólastjóri lagði fram skóladagatal grunnskólans á Húnaþingi vestra fyrir skólaárið 2013-2014. Breytingar eru helst varðandi starfsdaga sem verða fleiri að hausti, alls 7, tveir starfsdagar yfir skólaárið og tveir í lok skólaársins. Alls eru því dagarnir 11. Viðtalsdagar verða einnig með breyttu sniði í stað þess að hafa þá strax að hausti þá verða þeir í október og janúar. Vetrarfrí verður 24.febrúar og 25.febrúar. Lögð er áhersla á samstarf milli foreldra og kennara með jöfnum hætti yfir árið og foreldrar geta óskað eftir viðtali hvenær sem er um námsgöngu barna sinna. Fræðsluráð staðfestir skóladagatalið. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs leggur til að skóladagatalið fari til Mennta- og menningarmálaráðuneytis til umsagnar. Fræðsluráð samþykkir það.
2. Skólastjóri kynnti foreldrakönnun sem Skólapúlsinn vann frá febrúar 2013, þátttaka var yfir 85%. Könnunin skiptist í eftirfarandi þætti: Foreldrasamstarf, velferð nemenda, námsmat, aðstaða og þjónusta og heimastuðningur. Könnunin er hluti af sjálfsmatskerfi skólans sem er aðgengileg öllum.
3. Skólastjóri lagði fram drög að skóladagatali leik- og grunnskólans á Borðeyri. Starfsdagar kennara utan skólatíma eru 8 og yfir skólaárið eru 4. Skólaetning verður

23.ágúst og skólaslit 2.júní. Endanlegt skóladagatal verður lagt fram á fræðsluráðsfundi.

4. Leikskólastjóri kynnti viðbragðsáætlun leikskólans Ásgarðs vegna barnaverndarmála. Leikskólastjóri kynnti niðurstöðu könnunar sem lögð var fyrir foreldra í desember 2012. Leikskólastjóri kynnti líka breytingar á stöðugildum í leikskólanum vegna fækkunar leikskólabarna.
5. Elsa Rut Róbertsdóttir deildarstjóri kynnti þróunarverkefnið Leikur er barna yndi. En með henni hafa Sigurbjörg Friðriksdóttir deildarstjóri, og Guðrún Lára Magnúsdóttir leikskólastjóri unnið að þróunarverkefninu og Guðrún Lára hefur verið verkefnisstjóri. Eintak af skýrslunni verður í bókasafninu og einnig á heimasíðu leikskólans. Fræðsluráð óskar starfshópnum til hamingju með árangurinn og telur nauðsynlegt að sveitarstjórn fái einnig kynningu frá hópnum. Niðurstöður könnunarinnar meðal foreldra og starfsfólks eru mjög jákvæðar og telja þau þessar breytingar almennt mjög góðar.
6. Mennta- og menningarmálaráðuneytið þakkar fyrir upplýsingarnar og minnir á að ákvarðanir um breytingar á starfstíma skóla séu tímabundnar og einungis teknar til eins skólaárs í senn.
7. Erindisbréf til kynningar, farið verður yfir efni þess á næsta fundi fræðsluráðs.
8. Stýrihópur með fulltrúum foreldra, kennara og stjórnendum fræðslumála héldu sinn fyrsta fund þann 25. mars síðastliðinn. Framundan er fundur á vegum foreldrafélags grunnskóla Húnaþings vestra fimmtudaginn 4.apríl klukkan 20.00 í grunnskólanum á Hvammstanga.

Jóhanna Helga Sigtryggisdóttir situr fundinn fyrir hönd starfsmanna leikskólans. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs ritaði fundargerð

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið kl: 17.22

Rakel Runólfsdóttir(sign.),
Gísli G.Magnússon(sign.),
Ólöf Þorsteinsdóttir(sign),

Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.),
Anna Birna Þorsteinsdóttir(sign.).
Sigrún Waage(sign)